



Úrvinnslu – og spilliefnagjald

Reynsla, staða og framtíð

Gunnar Bragason

Upphaf spilliefnamóttöku

- SORPA opnaði spilliefnamóttöku í Kópavogi í febrúar 1990.
- Úrgangsfraðsluendur greiða fyrir eyðingu við skil efna.
- Árangur lítill í þessu “greiðslukerfi”.
- SORPA kemur því á framfæri við umhverfisráðuneytið að ný aðferðarfræði þurfi að koma til.
- Samstaða næst milli umhverfisráðuneytis og atvinnulífsins um spilliefnagjald.
- Spilliefnanefnd verður til.

Hugmyndafræðin góð

- Þegar greitt er fyrir meðhöndlun úrgangs um leið og vara er keypt, þá aukast líkur verulega á að úrgangurinn skili sér til þar til bærra aðila.
- Sá sem mengar umhverfið eða spillir því á að greiða kostnað af aðgerðum sem miða að því að koma í veg fyrir umhverfisskaða.

Álagning spilliefnagjalds

- Hófst í ársbyrjun 1997 með álagningu spilliefnagjalds á rafgeyma.
- Margir vöruflokkar fylgdu í kjölfarið árið 1997.
- Álagning spilliefnagjalds á síðasta vöruflokkinn (kvikasilfursvörur) var í ársbyrjun árið 2000.

Útfærslan ?

- Of niðurnjörfað í ríkiskerfið.
- Ríkið lítur á spilliefna- og úrvinnslugjöld sem skatt.
- Eðlilegra að líta á þessi gjöld sem þjónustugjöld. Þá væri hægt að hafa mun meiri sveigjanleika í kerfinu.
- Mögulega byrjunarörðugleikar eins og varðandi uppgjör vegna 2003, uppgjör ekki lengur í höndum Úrvinnslusjóðs (enginn ársfundur var haldinn 2004 hjá Úrvinnslusjóði).

Árangur spilliefnakerfisins

- Í ársskýrslu Spilliefnanefndar fyrir árið 2002 eru mjög góðar tölulegar upplýsingar um sölu efna og skil (www.urvinnslusjodur.is).
- Flokkar spilliefna eru 12 talsins og ekki auðvelt að átta sig á hvort skil eru góð eða slæm.
- Nokkuð einfalt að bera saman sölu og skil t.d. varðandi rafgeyma þar sem hægt er að bera saman einingar og kg.
- Mun erfiðara að bera saman sölu og skil t.d. varðandi olíumálningu eða leysiefni, þar sem aðeins hluti vörunnar sem lagt er á verður að úrgangi.
- Aðstaða fyrirtækja til meðhöndlunar úrgangsefna fyrir skil mjög misjöfn.

Skilahlutfall árið 2002

Skil miðað við álagningu á kg.

- Olíuvörur = 69% (93% árið 2001)
- Lífræn leysiefni = 3,4% (2,0%)
- Halógeneruð efnasamb. = 46% (55%)
- Kælimiðlar = 0,5% (1,2%)
- Ísósýanöt = 1,3% (0,6%)
- Málning og litarefni = 10,8% (10,5%)
- Prentlitir = 11,9% (12,8%)
- Blýsýrurafgeymar = 77% (80%)

Skilahlutfall árið 2002 (frh.)

- Rafhlöður = 35,9 tonn (32,7 tonn)
- Vörur í ljósmyndaiðnaði = 93%
(89%)
- Kvikasilfursvörur = 11,9% (12,8%)
- Varnarefni = 2,1% (1,2%)

Skil spilliefna á mann

- Spilliefni talin vera um 4% af öllum úrgangi.
- Árið 2002 bárust spilliefni sem nema 18 kg. á hvern einstakling.
- Úrgangsolía = 13 kg.
- Rafgeymar = 3 kg.
- Olíumálning og prentlitir = 1 kg.
- Annað minna

Árangur af spilliefnagjaldi

- Öll sveitarfélög á landinu hafa komið sér upp aðstöðu til móttöku á spilliefnum frá einstaklingum og fyrirtækjum.
- Árangur heilt yfir góður.
- Forsendur Úrvinnslusjóðs hafa í sumum tilfellum gengið upp (tekjur á móti gjöldum) en í nokkrum ekki.
- Hvað eru eðlileg skil?

Eyðingarfarvegur spilliefna

- Að hluta til hérlendis í brennslu (t.d. olíuvörur, leysiefni og framköllunarvökvi).
- Annað fer erlendis til viðurkenndra aðila sem hafa leyfi til eyðingar spilliefna.
- Flókið ferli og dýrt að fá leyfi til flutnings spilliefna milli landa. Sækja þarf um leyfi fyrir hvern samstarfsaðila og hvern efnisflokk.
- Mikil krafa um merkingar efna, innihaldslýsing.
- Offramboð á eyðingarfyrrtækjum, m.a. vegna breytinga á tækni sem minnkar notkun spilliefna (t.d. framköllunartækni).

Hvað vil ég sjá breytast?

- Meira sjálfstæði sjóðsins.
- Meiri kynningu á þeim efnum sem falla undir spilliefnagjald, hvernig á að meðhöndla efnin fyrir skil og hvar er hægt að skila efnum til endurvinnslu/eyðingar.
- Kynning beinist bæði að einstaklingum og fyrirtækjum og taki fyrst og fremst á þeim efnum sem æskilegt er að fá hærra skilahlutfall.
- Úrvinnslusjóður hafi frumkvæði en hafi samráð við sveitarfélög og samstarfsfyrirtæki.

Úrvinnslugjald

- Flokkar efna með úrvinnslugjaldi eru:
 - Ökutæki
 - Hjólbarðar
 - Samsettar umbúðir, drykkjarvörur
 - Landbúnaðarplast
- Í pípunum eru eftirtaldir efnisflokkar:
 - Pappa- og plastumbúðir
 - Veiðarfæri
 - Rafeinda- og raftæki (WEEE directive)

Drifkraftur úrvinnslugjalda

- Evrópureglugerðir sem setja staðla og kröfur fyrir aðildarþjóðir að Evrópu-sambandinu og EES samningnum varðandi urðun, brennslu, endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs.
- “Vöruhringrás” sé stýrt með hagrænum kröftum þannig að stuðlað sé að endurnýtingu eða endurvinnslu.
- Lágmörkun á úrgangi sem verður að farga.

Ákvörðun úrvinnslugjalda

- Úrvinnslusjóður hefur lagt fram tillögur til Alþingis um álögð gjöld.
- Úrvinnslusjóður hefur einnig ákveðið greiðslur vegna söfnunar, flutnings og meðhöndlunar efna sem bera úrvinnslugjald.
- Greiðslur endurspeгла ekki alltaf raunverulegan kostnað.
- Mismunandi gjald nauðsynlegt, a.m.k. skipting landsins í nokkur svæði.

Ökutæki

- Hafa í gegnum tíðina farið til endurvinnslu í gegnum brotamálmsfyrirtæki.
- Úrvinnslugjald hvetur til skila þannig að færri bílflök verða sjáanleg.
- Úrvinnslugjald tók ákveðinn bagga af sveitarfélögum varðandi bílflök.
- Árangur hér á landi ágætur.

Hjólbarðar

- Hafa verið urðaðir hér á landi.
- Urðun ekki leyfð eftir 15. júlí 2006.
- Mögulegar leiðir:
 - Brennsla til orkuvinnslu, hér eða erlendis.
 - Endurvinnsla
- Algengt erlendis að nota sements-
ofna til brennslu hjólbarða. Hefur
verið skoðað hér en engin ákvörðun
liggur fyrir.

Samsettar umbúðir

- Nokkur sveitarfélög tóku við samsettum umbúðum til endurvinnslu fyrir tíma úrvinnslugjalds.
- Fernunum baggað og þær sendar erlendis til endurvinnslu.
- Söfnunarhlutfall ekki hátt.
- Verulegt átak þarf til að mæta kröfum reglugerðar um endurvinnsluhlutfall.
- Einn möguleiki er að færa þennan málaflokk undir skilagjaldskerfið.

Landbúnaðarplast

- Lítil reynsla komin á þennan málaflokk.
- Heystrekkifilma er erfið í endurvinnslu.
- Óhreinindi valda þar mestu.
- Flokkun nauðsynleg á upprunastað til að unnt sé að nýta plastið til endurvinnslu.
- Brennsla til orkuframleiðslu er góður kostur.

Í pípunum

- Í pípunum eru stórir málaflokkar:
 - Pappa og plastumbúðir
 - Veiðarfæri
 - Rafeinda- og raftæki

Veiðarfæri

- Munu veiðarfæri falla undir Úrvinnslusjóð eða munu útvegsmenn sjá um þennan málaflokk sjálfir?
- Þorskanet og önnur sambærileg, nælon PA6.
- Loðnu- og síldarnætur, nælon PA6 eða PA6.6, einnig HDPE.
- Trollnet, HDPE.
- Mikill munur á endurvinnsluverðmæti.
- Endurvinnsla möguleg hér, Læk í Ölfusi.
- Nælon PA6 hefur verið sent til endurvinnslu erlendis.

Rafeinda- og raftæki

- Hver mun sjá um þennan málaflokk?
- Reglugerð EU gerir ráð fyrir að framleiðendur og söluaðilar setji upp kerfi til móttöku og endurvinnslu.
- Verður Úrvinnslusjóði falin umsýsla með málaflokknum?

Framtíð

- Starfsemi Úrvinnslusjóðs mun væntanlega aukast verulega á næstu misserum.
- Þurfum öfluga brennslu til orkunýtingar hér á landi til að ná að uppfylla skilyrði EU um endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs.
- Lagt var upp með þá hugmyndafræði við stofnun Úrvinnslusjóðs að hafa á einum stað yfirsýn og framkvæmd á þessum málum. Ef veiðarfæri verða t.d. utan við þá er komið ákveðið stílbrot á það kerfi.

Lokaorð

- Með tilkomu spilliefnagjalda og úrvinnslugjalda hafa skapast ýmis tækifæri til atvinnusköpunar.
- Undanfarin ár hafa verið áhugaverð fyrir þá sem hrærast í þessum heimi og framundan er ekki síður áhugaverður tími.